

## Starfsreglur fyrir dómarnefnd KSÍ

### 1. grein

Stjórn KSÍ skipar dómarnefnd KSÍ að ársþingi loknu ár hvert. Stjórn KSÍ tilnefnir jafnframt formann dómarnefndar.

### 2. grein

Dómarnefnd KSÍ starfar samkvæmt lögum KSÍ og reglugerð KSÍ um dómara og eftirlitsmenn og leysir úr málum eftir ákvæðum þeirra laga og reglna. Dómarnefnd skal skipuð a.m.k. 5 einstaklingum, sem stjórn KSÍ tilnefnir. Formaður nefndarinnar skal vera fyrrverandi dómari með að lágmarki fimm ára reynslu og hafa starfað í efstu deildum karla og kvenna. Að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum. Að lágmarki 80% dómarnefndar skal skipuð fyrrverandi dómurum með a.m.k. fimm ára reynslu.

### 3. grein

Nefndin skal koma saman þegar þurfa þykir en að jafnaði eigi sjaldnar en annan hvern mánuð. Formaður boðar til funda og stýrir þeim. Starfsmaður nefndarinnar annast útsendingu fundarboðs með dagskrá og heldur fundargerð sem hann sendir afrit af til nefndarmanna og framkvæmdastjóra KSÍ. Erindi til nefndarinnar skal vera skriflegt og það sent til starfsmanns hennar á skrifstofu KSÍ sem tekur það til afgreiðslu.

### 4. grein

Dómarnefnd ásamt starfsfólki dómaramála hefur umsjón með dómaramálum KSÍ, ber ábyrgð á flokkun og vali dómara á leiki á vegum sambandsins og sér um fræðslumál dómara. Nefndin annast útgáfu knattspyrnulaganna á íslensku og sér um að dómamarar framfylgi þeim. Dómarnefnd er heimilt að skipa undirnefndir, sem t.d. hafi eftirlit með hæfnismálum, niðurröðun og fræðslumálum.

### 5. grein

Helstu verkefni dómarnefndar eru eftirfarandi:

- Að halda skrá yfir alla starfandi dómara og eftirlitsmenn.
- Að hafa yfirumsjón með fræðslu og menntun dómara, eftirlitsmanna og kennara í dómarafræðum ásamt því að annast þolpróf og skrifleg próf dómara.
- Að setja árleg fyrirmæli fyrir dómara.
- Að annast útgáfu knattspyrnulaganna á íslensku og vera ráðgefandi um túlkun þeirra.
- Að annast niðurröðun dómara á leiki á vegum KSÍ í samræmi við reglugerð KSÍ um knattspyrnumót í samvinnu við starfsfólk dómaramála.
- Að hafa eftirlit með störfum dómara innanlands og utan.
- Að annast niðurröðun eftirlitsmanna á leiki, skv. reglugerð KSÍ um knattspyrnudómara og eftirlitsmenn, í samvinnu við starfsfólk dómaramála.
- Að veita aðildarfélögum og öðrum innlendum aðilum ráðgjöf um dómaramál.
- Að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi um dómaramál innan UEFA og með áherslu á samstarf Norðurlanda.
- Að gera tillögur til stjórnar KSÍ um dómara og aðstoðardómara á milliríkjalista FIFA.
- Að tilnefna dómara og aðstoðardómara til starfa erlendis í samvinnu við starfsfólk dómaramála.

- Að svipta knattspyrnudómara réttindum samkvæmt ákvæðum reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót og reglugerðar KSÍ um knattspyrnudómara.
- Að verðlauna dómara og eftirlitsmenn fyrir vel unnin störf samkvæmt reglugerð KSÍ um landsliðs- og heiðursviðurkenningar og reglum um starfsviðurkenningar dómaranefndar. Formaður dómaranefndar getur einnig lagt til við stjórn KSÍ tillögur um heiðursviðurkenningar úr silfri eða gulli í samræmi við reglugerð um landsliðs- og heiðursviðurkenningar.

#### 6. grein

Dómaranefnd skal annast önnur þau störf, sem stjórn KSÍ kann að fela henni á hverjum tíma. Sé formaður dómaranefndar eða annar nefndarmaður ekki í stjórn eða varastjórn KSÍ skal formaður nefndarinnar eða staðgengill hans mæta á fund stjórnar KSÍ þegar tilefni er til og upplýsa stjórn um stöðu dómaramála.

#### 7. grein

Stjórn KSÍ sker úr öllum ágreiningsatriðum sem kunna að rísa út frá reglum þessum.

#### 8. grein

Allt nefndarfólk skal lesa og skrifa undir siðareglur KSÍ og undirgangast þau skilyrði er þær setja.

#### 9. grein

Starfsreglur þessar taka þegar gildi og falla þar með úr gildi eldri starfsreglur dómaranefndar KSÍ.

*Samþykkt af stjórn KSÍ 25. september 2024*